

Original Kvist och Spärrgrund

Kvista- og einangrunargrunnur



Efnislýsing

Original Kvist och Spärrgrund er vatnsþynnanlegur einangrunargrunnur fyrir viðarfleti. Grunnurinn hentar innandyra bæði á ómeðhöndlaðan við og málaðan við til að draga úr hættu á mislitun/blæðingu frá kvistum, gulnun viðarins o.fl. Mála má yfir Original Kvist och Spärrgrund með allri hefðbundinni innimálningu og lakkmálningu frá Nordsjö og Sikkens.

Meðhöndlun

1. Nýr viður skal vera hreinn og þurr. Eldri ómeðhöndlaðan og lakkaðan/málaðan við skal þvo með Original Málartvätt. Glansandi fleti skal slípa matta áður en grunnað er til að ná góðri viðloðun. Sýnilega viðarkvoðu á kvistum skal skrapa af og þvo með rauðspritti áður en málað er.
2. Berið 1-2 umferðir af Original Kvist och Spärrgrund á flötinn. Ef vart verður við blæðingu eftir eina umferð skal undantekningarlaust mála aðra umferð. Ætíð skal bera 2 umferðir á kvisti á berum við og einnig þegar undirlagið er mjög mislitað. Þegar svo er getur litur komið í gegn eftir fyrri umferð. Mislitunin lagast þegar málningarfíllan þornar þannig að hættan á frekari blæðingu er lítil eftir seinni umferð. Ef notuð er málningsprauta skal tryggja að hún sé alveg hrein fyrir notkun og sprauta síðan efninu á flötinn án hléa.
3. Hafa skal í huga að viður er náttúrulegt efni sem er breytilegt og aðferð við þurrkun og geymslu getur haft mikla þýðingu fyrir málnun. Kvistablæðing getur í vissum tilfellum komið fram eftir einhvern tíma þrátt fyrir meðferð.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Tegund: Akryl

Gljástig: Hálfmatt

Þurrktími við 23°C/50% raka: Gegnumþurrtt eftir 1 klst., yfirmálun möguleg eftir minnst 8 klst.

Loft-/yfirborðshiti við málnun: Minnst +5°C

Rakastig: 40-80% (kjörakastig 65%)

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur, málningsprautur

Þekja: 6-8 fermetrar pr. lítra

Pakkningar: 1, 2,5 og 10 lítra dósir

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostfríu rými

Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. A/g) 30 g/l.):

Inniheldur mest 10 g/l